

Tölvuagnastýring huga og heilsu – líftölvuagnfræði og sjálfbæra sæluríkið

Forsjárhyggjan tekur stöðugt á sig nýjar myndir í ljósi nýrrar tækni. Sögulega eru kunnar tilraunir stjórnvalda, t.d. bandarísku leyniþjónustunnar, með notkun lyfja til að gera hugann móttækilegan fyrir ákveðnum skoðunum og til að móta tiltekið hátterni.

Sálfræðingurinn Henry Alexander Murray (1893-1988) stjórnaði rannsóknum í þessa veru fyrir bandarísku leyniþjónustuna á sjöunda áratugi síðustu aldar. Þekkt er saga stærðfræðingsins, Theodore John Kaczynski (f. 1942) í þessu sambandi.

Theodore var einn tuttugu og tveggja nemenda við Harvard háskólann, sem þátt tóku í tilraunum Henry. Þegar þeir höfðu útlistað fyrir sálfræðingunum sögu sína og viðhorf, voru þeir baðaðir í sterkum ljósum og tengdir rafskautum. Síðan hófust yfirheyrslur, „ofsafengnar, yfirgripsmiklar og persónulega meiðandi,“ segir Henry. (Þessar aðferðir eru enn notaðar við pyndingar í dag.)

Þessari reynslu ríkari skrifaði Theodore: „Ekkert félagskerfi, hvort heldur sem er löggjöf, stofnanir, siðir eða siðareglur, er fært um að veita vernd gegn tækninni. ... Gerum okkur t.d. í hugarlund, að lagt yrði blátt bann við erfðahönnun (genetic engineering) manna eða notkun hennar, sem ógnaði frelsi þeirra og virðingu. Engu að síður myndi tæknin vera til reiðu.“

Ofangreindar tilraunir voru hluti CIA MKULTRA áætlunarinnar. En það voru líka aðrar spennandi tilraunir nefndrar leyniþjónustu í samstarfi við vændiskonur, Operation Midnight Climax. Vændiskonurnar ginntu graðfolana til að taka ofskynjunarlyfið, LSD. Síðan tók leyniþjónustan til við að móta hugi fórnarlambanna.

Nú er hins vegar leitað auðveldari leiða til að ná tökum á fólki en með heilabvotti, sefjun, yfirheyrslum, auglýsingum, dáleiðslu og áróðri, sem eru alþekktar leiðir til að ná yfirráðum yfir hugsun manna, þ.e. beinum inngrípum í miðtaugakerfið.

José Manuel Rodríguez Delgado (1915-2011), var brautryðjandi við flöguígræðslu (chip) í heilabú manna og dýra. Hann skrifaði árið 1969 bókina: „Efnisleg stjórnun hugans: Áleiðis til sálsiðaðs samfélags (Physical Control of the Mind: Toward a Psychocivilized Society). Hann segir m.a.:

„Maðurinn hefur engan rétt til eigin hugþroska. Frjálsslyndisleg viðhorf í þessu efni hafa víðtæka skírskotun. Það verður að raftengja heilann. Sá dagur mun koma, að herjum og hershöfðingjum verði stjórnað við raförvun heilans.“

Aukin þekking í líffræði og tölvutækni býður forsjárhyggju- og stjórnlyndisfólkinu sífellt upp á nýjar aðferðir við notkun tölvuagnstýra (nanobot). Fræðigreinin um þetta kallast tölvuagnfræði (nanobotics). Ofursmáar agnir úr gerviefnum eru forritaðar, svo þær megi örva eðlileg boð líkamans eða yfirtaka þau. Þetta er t.d. gert með tilraunalyfjum eða bóluefnum í sambandi við covid-19.

Raymond Kurzweil (f. 1948) hefur skrifað um þetta bók, „Sérstaðan er nálæg: Þegar mannkind rýfur múra eðlisins (The Singularity is Near: When Humans Transcend Biology). Hann hefur einnig skrifað um þetta grein í The Guardian.

Agtölvuna eða tölvurnar, sem streyma um blóðrásina, má forrita með ýmsum hætti, t.d. til að greina og virkja varnir gegn sjúkdómum, endurræsa frumur eða styrkja, hugsanlega með þeim árangri, að við yrðum ódauðleg. Slík inngrip gera manninn að tölvumanni (transhumanism, cyborg (tölvuvélmenni)), blending lífveru og tölvu. Líftölvuagnfræði heitir sú grein (bionanotechnology).

Forstig þessarar þróunar má sjá í mRNA lyfinu eða bóluefninu eins og ýjað er að hér að framan. Agnir (nano eða nanometre eða agnmetri er einn milljarðasti úr metra) voru t.d. notaðar til að koma hluta covid-19 veirunnar inn í frumur líkamans, sem dreifðist með blóðrásinni og virkjaði ónæmiskerfið til varna, þ.e. gegn hluta veirunnar. Tæknin hefur líka verið notuð til að hnitmiða notkun krabbameinslyfja.

Þessi tækni er rannsökuð gagngert í því sem kallað er „Heilastormsáætlunin“ (Brainstorms project) undir forystu Gaurav Sharma. Unnið er að því að hanna örsmá tengivirki (interface system), sem tengir ytri tengildi (móttaka og sendi) við rafsegulsviðsorkubreyta (nanotransducer). Þessi tækni hefur þann augljósa kost, að útbúnaðnum má sprauta inn í fólk, í stað þess að skera í það og höggva bein. Darpa styður þessa þróun dyggilega.

Fyrirnefndur Gaurav Sharma starfaði einnig á vegum Varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, skrifstofu þess, sem ber heitið „Ógnvarnaskrifstofan (Defense Threat Reduction Agency), við áætlun, sem miðaði að því að rjúfa hindranir millum blóðrásar og heilabús (Blood-Brain Barrier Program). En það er einmitt það, sem lyfin/bóluefnin gegn covid-19 gera, nánar tiltekið broddhvítan (spike protein).

Fjöldi óháðra vísindamanna vinnur nú að því að greina innihald covid-19 bóluefnisins. Einn þessara, rannsóknahópur Ricardo Delgado Martin við háskólann í Santiago, Chile, hefur komist að þeirri niðurstöðu, að í blöndunni megi finna grafen (grafít), sem er

kolefnisfjölgeringur (carbon allotrope), öragnarsmátt efni með refsegulsegulneika, notað m.a. í tölvuagntækni/nematækni, stundum kallað undraefnið.

Hann segir m.a.: „Raunverulega er mRNA [bóluefninu] ætlað að hjúpa grafítið til að koma því „óséðu“ fram hjá ónæmiskerfinu og í samband við taugafrumur í heila. ... Það er einasti tilgangurinn. Og þetta er hin gagnvera blekking, sem fólk almennt er beitt.“ (Sannleiksfyrirtækin segja þetta að sjálfsögu rangt.)

Það kemur varla á óvart, að sjálfur mannvinnurinn, Bill Gates, sjái tækifæri í samvinnun bólusetninga og tölvuagntækni til að ná markmiðum sínum um fólksfækkun og minnkun kolefnis. Í rúmlega áratugargömlum fyrirlestri segir hann m.a.:

„Mannfjöldi heimsins nemur í dag 6.8 milljörðum. Hann stefnir í níu milljarða. Nú, ef við leggjum okkur fram við ný bóluefni, heilsuvernd og æxlunarþjónustu, gætum við fækkað [fólki] jafnvel um 10 eða 15 af hundraði ...“ (Upprunalegur fyrirlestur var fjarlægður af You Tube.)

Í þessu sambandi er það óneitanlega forvitnilegt, að Microsoft skuli hafa sótt um einkaleyfi á rafmynt (cryptocurrency), þar sem vægi hefur ýmis líkamsstarfsemi eins og heilabylgjur og líkamshiti, við notkun alnetsins.

Bill Gates og vinir hans í Alþjóðæfnahagsráðinu (World Economic Forum) eru vitaskuld miklir áhugamenn um tölvumennið, sem er í deiglunni. Klaus Schwab tengir það beinlínis fjórðu iðnbyltingunni, þegar endurreisnin mikla rennur upp. Hann segir byltinguna „leiða til sjálfsskilnings, sem er samþætting líkama, tölvutækni (digital) og lífeðlis.“ Leitað verður leiða – t.d. við fjarstýrða raförvun – til að fólk uni sælt og glatt við sitt, enda þótt það sé öreigar. En það er framtíðarsýnin í sjálfbæra sæluríki Alþjóðæfnahagsráðsins. Slíkri raförvun, þ.e. örvun sælustöðvarinnar í heilanum, hefur verið beitt með góðum árangri á rottur.

Nicholas Negroponte (f. 1943) er annar vísindamaður, sem hefur skoðað notkun tölvutækni við stjórnun mannhugans. Hann bendir á, að upplýsingum megi koma fyrir í heilabúinu með agntölvu, t.d. ritsafni Sigmund Freud (Gesammelte Werke). Tæknin býður einnig upp á, að draumur forsjársinna um að stjórn fólki að vild gæti ræst.

Nú þegar er í Leyniþjónustu Bandaríkjanna til safn aðferða til að stjórna hugum fólks. (Vafalítið búa miklu fleiri leyniþjónustur eða hliðstæðar stofnanir yfir slíkri kunnáttu.) Og enn er ekki bitið úr nálinni.

Bólusetningarannsóknir skarast við rannsóknir í líftölvuagnfræðum. Charles M. Lieber (f. 1959) er meðal virtustu vísindamanna á þessu sviði, styrktur af DARPA (Defense Advanced Research Projects Agency) í bandaríska varnarmálaráðuneytinu.

Rannsóknáætlunin heitir: „Heilarannsóknir við að veita að brautargengi nýjungum í taugatæknifræðum“ (Brain Research through Advancing Innovative Neurotechnologies).

Charles þessi hefur skýr tengsl við Wuhan í Kína (þar sem covid-19 veiran var framleidd) og lyfjafyrirtækið, Moderna, eða nánar tiltekið við Robert Langer (f. 1948), sérfræðing í agntækni við lyfjagjafir. Charles hefur einnig verið bendlaður við áætlun Kínverja, „Þúsundir hæfileikamanna“ (Thousand Talents Plan).

Tölvuagnastýring er náskyld gervigreind (artificial intelligence), gerð tölvuvélmenna (cyborg) og líf-tölvu-tengivirkja (computer interface) þeim, sem taugatæknifyrirtæki eins og Neuralink Corporation (Elon Musk) vinna að.

Það sama gerir Richard A. Normann, líftæknifræðingur við háskólann í Utah. Rannsóknahópur hans hefur smíðað rafskautatengil (array), þ.e. samskipan fjölda örnála eða einangraðra rafskauta (electrode), sem komið er fyrir í heilabúinu. Þar fylgjast þær með taugaboðum miðtaugakerfisins og hafa áhrif á þau samkvæmt forritun. Vonir standa til, að þeim megi t.d. beita til að lækna sjúkdóma í miðtaugakerfi.

Richard þessi tengist einnig „Heila frumkvæðinu“ (Brain Research through Advancing Innovative Neurotechnologies) bandarískra stjórnvalda, þ.e. sameiginlegri áætlun opinberra stofnanna og einkaaðilja til rannsókna á notagildi taugatækni.

Tækniheimspekingurinn, Kevin Kelly (f. 1952), talar um tækniveruna (technium) í bók sinni: Hvað er tækninni á höndum (What Technology Wants). Þar segir hann m.a.:

„Hún [tækniveran] kann einu sinni að hafa verið jafn einföld í sniðum og gamalt tölvuforrit, sem eingöngu gerði það, sem fyrir það var lagt. En núna hefur hún svipmót miklu flóknari veru, sem oft er á valdi eigin hvata.“

Heimpekingurinn, James Giordano (f. 1953), lýsir þessari þróun eins og hverjum öðrum stríðsvettvangi og aðvarar gegn misnotkun tækninnar. Skyldi engan undra. Nató hefur þegar fundið smjörþefinn. Áætlun þess heitir: „Hugstríðsáætlunin“ (Cognitive Warfare Project). Þar segir m.a.:

„Hugstríð er því að skilja sem óhefðbundinn hernað, þar sem tölvutækni (cyber) er beitt til að skapa hugarfarsbreytingu og nýttir eru hleypidómar eða spegilvirk

(sjálfhverf) hugsun (reflexive thinking) til að brengla hugarfar, hafa áhrif á ákvarðanatöku og koma í veg fyrir hegðun, sem hefði neikvæðar afleiðingar, hvort heldur sem einstaklingur eða múgur á í hlut.“

<https://techstartups.com/2021/10/06/bill-gates-talked-using-vaccines-control-population-growth-unedited-2010-ted-talk-video/>

<https://www.ndtv.com/indians-abroad/brainstorms-indian-origin-scientist-gaurav-sharma-to-help-us-soldiers-control-robots-using-thoughts-2041259>

https://www.cia.gov/library/abbottabad-compound/12/129E144131F2E093FB1E441C737ACF92_SearchForTheManchurianCandidate.rtf.pdf

<https://www.sciencedirect.com/topics/chemistry/graphene>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0142961221001058>

<https://www.innovationhub-act.org/cw-documents-0>

<https://medicine.temple.edu/news/sars-cov-2-spike-proteins-disrupt-blood-brain-barrier-potentially-raising-risk-neurological>

<https://link.springer.com/article/10.1007/s11481-021-10029-0>

<https://www.youtube.com/watch?v=ynt37tDvGU>

<https://www.theguardian.com/books/2016/jun/12/kevin-kelly-interview-the-inevitable-book-song-ai-future>

<https://www.history.com/mkultra-operation-midnight-climax-cia-bsd-experiments>

<https://ahrp.org/1953-1964-operation-midnight-climax-cias-lurid-ventures-into-sex-hookers-and-bsd/>

https://www.cs.mcgill.ca/~rwest/wikispeedia/wpcd/wp/p/Project_MKULTRA.htm

[https://unherd.com/?p=432032?tl_inbound=1&tl_groups\[0\]=18743&tl_period_type=3&mc_cid=a5ff977696&mc_eid=1c4c09eceb](https://unherd.com/?p=432032?tl_inbound=1&tl_groups[0]=18743&tl_period_type=3&mc_cid=a5ff977696&mc_eid=1c4c09eceb)

https://ukcitizen2021.org/Case_Briefing_Document_and_lab_report_Ref_AUC_101_Report%20.pdf

<https://www.orwell.city/2021/06/ricardo-delgado-graphene-oxide.html>

<https://www.darpa.mil/program/our-research/darpa-and-the-brain-initiative>

<https://www.en-journal.org/journal/view.html?doi=10.5607/en.2018.27.6.453>

<https://patents.google.com/patent/US5289438A/en>

<https://groups.google.com/g/alt.tv.survivor/c/H5rGBARu6yA/m/sULKiRH5mLIJ?pli=1>

<https://blogs.scientificamerican.com/cross-check/tribute-to-jose-delgado-legendary-and-slightly-scary-pioneer-of-mind-control/>

<https://bigthink.com/articles/computers-that-you-eat-or-that-eat-you/>

<https://bigthink.com/videos/nicholas-negroponete-on-the-future-of-biotech/>

<https://en.wikipedia.org/wiki/Nanorobotics>

<https://www.theblackvault.com/documentarchive/cia-mkultra-collection/>

<https://www.computerworld.com/article/2530000/mit-project-uses-nanotech-to-deliver-drugs-for-fighting-cancer--aids.html>

<https://www.computerworld.com/article/2531837/nanotech-blasts-cancer-cells-with-tumor-killing-genes.html>

<http://singularity.com/>

<https://www.computerworld.com/article/2534637/-smart-bomb--nanoparticles-stop-cancer-s-spread.html>

<https://www.computerworld.com/article/2526693/mit--nanotech-treatment-kills-ovarian-cancer-in-mice.html>

https://www.youtube.com/watch?v=_dWkpfuSf44

<https://www.shutterstock.com/image-illustration/nanobots-going-through-bloodstream-repairing-some-50373961?id=50373961&src=id>

<https://expose-news.com/2022/05/27/monkeypox-launching-a-remake-of-covid/>

<https://bigthink.com/videos/big-think-interview-with-nicholas-negroponete/>

<https://bigthink.com/videos/nicholas-negroponete-on-the-future-of-biotech/>

<https://expose-news.com/2022/03/19/new-my-name-is-spartacus-covid-19-deep-dive-part-i/>

<https://expose-news.com/2022/03/20/new-spartacus-covid-19-deep-dive-part-ii-vaccine-complications/>

<https://expose-news.com/2022/03/22/spartacus-covid-19-deep-dive-part-iv-mind-control/>

<https://www.computerworld.com/article/2528330/nanotech-could-make-humans-immortal-by-2040--futurist-says.html>

<https://expose-news.com/2022/05/27/carbon-nanotech-and-thulium-in-covid-injections/>

<https://expose-news.com/2022/05/24/nanobots-in-your-blood-brain-and-ingestible-computers/>

<https://www.theguardian.com/commentisfree/2007/nov/22/comment.comment>